

Fundur Þroskaþjálfafélags Íslands og Áss styrktarfélags 7. júlí 2026

Fundur haldinn milli fulltrúa Þroskaþjálfafélags Íslands og Áss styrktarfélags vegna framkvæmdar á fundargerð undirhóps sveitarfélaganna (BHM hluti) frá 5. júní 2026 um útfærslu áfangasamkomulags 7. gr. nefndar frá 11. júní 2024

https://www.throska.is/static/files/Kjarasamningar/2026/fundargerd-undirhops-7.-gr.-nefndar-vegna-sveitarfelaganna_bhm_lok_undirritad.pdf

Farið var yfir niðurstöðu fundargerðar undirhóps sveitarfélaganna þar sem samþykkt var að tiltekin störf sem krefjast starfsleyfis eftir fjögurra ára háskólanám, skuli hækka um tvo viðbótarlaunaflokka frá grunnröðun frá og með 1. apríl 2025.

Ás styrktarfélag fylgir launakerfi og launaröðun samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar. Aðilar eru því sammála um að eftirfarandi starfsheiti hjá Ási styrktarfélagi skuli taka sömu hækkun um tvo launaflokka frá og með 1. apríl 2025:

- 266 Þroskaþjálfari málefni fatlaðra – verður 268
- 267 Yfirþroskaþjálfari I (verkstjórn á stofum í dagþjónustu) verður 269
- 278 Deildarstjóri í þjónustu við fatlað fólk verður 280

Aðilar telja framangreind störf sambærileg þeim starfsheitum sem tilgreind eru í fylgiskjöllum fundargerðar undirhóps sveitarfélaganna og falla undir þær breytingar sem þar var samið um.

Samkomulag er um að framangreindar breytingar taki gildi frá og með 1. apríl 2025 og að laun verði leiðrétt afturvirkir frá þeim tíma eftir því sem við á. Leiðrétting á röðun verður gerð miðað við útborgun launa miðað við júlí laun en leiðrétting aftur í tímann verður gerð 1. september með þeim skilyrðum að starfsleyfum hafi verið skilað til vinnuveitanda.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.